



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10

29. 11. 2020

**Efni: Umsögn W.O.M.E.N samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi um tillögu tilþingsályktunar um aukin atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál**

Samtök kvenna af erlendum uppruna fékk til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aukin atvinnuréttindi útlendinga. Við fögnum sérstaklega tillögu um endurskoðun lagaumhverfis um atvinnuréttindi útlendinga utan EES EFTA eða Færeyja en þar sem það er flókinn málflokkur teljum það vera æskilegt að taka til heilstæðrar endurskoðunar ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi. Mikilvægt er að endurskoða gildandi lög og koma í veg fyrir að þau skapi ekki grundvöll fyrir mismunun á vinnumarkaði.

Við höfum mikla reynslu af samskiptum við konur af erlendum uppruna sem hafa lent í mörgum hindrunum við að fá atvinnuleyfi hér á Íslandi. Reynslan hefur verið niðurlægjandi og tilfinningalega tæmandi fyrir margir vel menntaðar og metnaðarfullar konur. Við teljum að með auknum atvinnuréttindum útlendinga sé tækifæri til að bæta menningu Íslendinga og þróa með sér jákvæð áhrif á efnahag landsins. Mikilvægt er að draga úr hindrunum sem mæta útlendingum sem kjósa að búa og starfa hérlendis.

Við viljum beina athygli á það að nú þegar búa margir innflytjendur hérlendis með sérþekkingu, menntun og reynslu en geta ekki nýtt sína menntun á íslenskum vinnumarkaði vegna erfiðleika við að öðlast starfsleyfi eða viðurkenningu á menntun erlendis frá. Til eru dæmi um fólk sem treystir ekki á kerfi til að meta þau og þeirra menntun/þekkingu að veruleiki og sækja um dvalarleyfi á öðrum forsendum og/eða skipta um starfsvettvangi almennt og þar með glatast þeirra þekking. Við teljum að mikilvægt sé að taka tillit til þess við endurskoðun á lagastoð vegna atvinnuréttinda.

Við teljum einnig að samhliða endurskoðun lagaumhverfis um aukin atvinnuréttindi útlendinga þurfi að tryggja aukna vernd og eftirlit vegna brota á erlendu starfsfólki svo sem og styðja við einhvers konar vitundarvakningu og bættu fræðslu um fjölmenningu, sem beinist til þeirra sem fara með ráðningarvald og þar með efla þekkingu á menninganæmi á vinnustöðum.

Þingsályktunartillaga félags- og barnamálaráðherra yrði að skipa starfshóp sem skuli móta tillögur um hvernig auka megi atvinnuréttindi ríkisborgara ríkja utan EES, EFTA og Færeyja og auka þannig möguleika þeirra til að setjast hér að, við teljum nauðsynlegt að boða fulltrúa innflytjenda sæti í starfshóp og eru fulltrúar samtaka kvenna af erlendum uppruna reiðubúnar til þátttöku í starfshópnum.

F.h. Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Nichole Leigh Mosty

Nichole Leigh Mosty, forkona

